

Vikur sem eru í boði í orlofshúsunum eru á umsóknareyðublaði sem fylgir með fréttabréfinu og þar er líka hægt að sækja um orlof að eigin vali

Verð fyrir hverja viku í orlofshúsunum er sem hér segir, og skal greiðast fyrir **10. maí** hjá Hafðísi á bæjarskrifstofunni, verði það ekki gert áskilur félagið sér rétt til að leigja húsin öðrum.

Hafðís selur líka gjafabréfin frá WOW-air.

Verð fyrir vikurnar fyrir 7. júní og eftir 16. ágúst kr: 17.000
Fyrir aðrar vikur kr: 20.000

Umsóknnum skal skila til Hauks í Íþróttamiðstöðina eða á [bæjarskrifstofuna fyrir 24. apríl.](#)

Félagsmenn eru beðnir að athuga að geti þeir einhverra hluta vegna ekki nýtt sér þá viku sem kemur í þeirra hlut, verða þeir að láta Starfsmannafélagið vita sem sér um að úthluta henni til annarra félaga.

Reykingar eru bannaðar innandyrá á öllum dvalarstöðum félagsins.

Við biðjum fólk vinsamlegast að fara varlega með eld utandyra og henda ekki sigarettustubbum á lóðir við húsin.

Dýrahald: Ekki er leyfilegt að hafa gæludýr með sér í húsin.

**MUNUM AÐ ÞETTA ERU OKKAR HÚS
OG VIÐ ERUM STOLT AF ÞEIM.**

St. Fjall-fréttir

eru gefnar út af Starfsmannafélagi Fjallabyggðar.

Netfang: stol@olf.is Heimasíða: <http://stol.is>

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðbjörn Arngrímsson

Starfsmannafélag Fjallabyggðar var stofnað 19. maí 1983.

Félagar í dag eru 107 þar af 25 eftirlaunaþegar og öryrkjar.



St. Fjall-fréttir

50. TÖLUBLAD

APRÍL 2013

19. ÁRGANGUR

ORLOF 2013

Ágætu félagar.

Hér kemur orlofsblaðið okkar fyrir árið 2013.

Í því eru upplýsingar um hvað við bjóðum upp á í sumar um orlofshúsin, íbúðir, gjafabréf með WOW-air og annað sem skiptir máli.

Við tökum upp eina nýjung í ár sem er niðurgreidd hóteltgisting. Við náðum samningum við hótél í Reykjavík og á Akureyri um góð verð og greiðum þau auk þess niður, sjá nánar í blaðinu.

Orlofshúsin okkar eru í Munaðarnesi og Úlfstaðaskógi á Héraði.

Við höfum aðgang að íbúðum í Reykjavík og á Akureyri, þessar íbúðir eru í eigu FOSS og svo erum líka í góðu sambandi við önnur starfsmannafélög sem gefa okkur möguleika á að útvega hús á öðrum stöðum.

Við höldum áfram með orlof að eigin vali sem við byrjuðum á í fyrra. Með orlofi að eigin vali, þá geta félagsmenn valið sér ferð og félagið greiðir hana niður. Sjá nánar inn í blaðinu.

Við minnum líka á að við greiðum niður til félagsmanna leigu á tjaldvögnum og fellihýsum sem og útilegu- og veiðikortið.

Við hvetjum ykkur til að skoða vel það sem við höfum upp á að bjóða og ekki hika við að hafa samband ef þið hafið óskir um annað en hér stendur til boða.

Með ósk um gott og afslappað sumar.

Guðbjörn Arngrímsson, formaður

ORLOFSHÚS



Munaðarnes

Húsið no. 63 í Munaðarnesi er 52 m². Í húsinu eru tvö svefnherbergi með tvíbreiðum góðum rúmum, 153x200 cm í stærra herberginu en 140x200 í hinu og svo er svefnsófi í stofu. Þá er til tvöföld vindsæng ef fleiri svefnpláss vantar. Að sjálfsögðu er heitur pottur við húsið.



Úlfstaðir

28 m² svefnlofti. Tvö svefnherbergi með tvíbreiðum rúmum eru á neðri hæð og auk þess tvöfalt rúm og 6 dýnur á svefnlofti þannig að það geta auðveldlega 10-12 manns gíst í húsinu í einu. Hurð er út á pallinn úr baðherbergi þannig að þeir sem fara í heita pottinn

eða úr, þurfa ekki að ganga í gegnum húsið.

Búið er að leggja hitaveitu í bústaðinn og pottinn sem þýðir betri rekstur og þægilegri umgengni um pottinn.

Gasgrill er við bæði húsin.

Lyklahús er við aðalinngang húsa og leigjendur fá uppgefið númer í leigusamningi sem þeir stimpla inn og ná þannig í lykil.

Hafa þarf með sér sængurfatnað, (lín), handklæði, diskapurkur, borðklúta, wc-pappír o.þ.h.

Upplýsingar um búnað í húsinu er að finna á heimasíðu félagsins stol.is og þar eru líka myndir úr húsinu.

Veikindi í orlofi

Orlof og veikindi fara ekki saman. Veikist starfsmaður í orlofi telst sá tími ekki til orlofs, enda sanni starfsmaður með vottorði læknis að hann hafi ekki getað notið orlofsins vegna veikindanna. Starfsmaður skal tilkynna veikindi sín til vinnustaðarins eins fljótt og við verður komið.

Orlof vaktavinnufólks/vetrarleyfi

Orlof vaktavinnufólks er talið á sama máta og dagvinnumannsins. Starfsmaður sem vinnur á reglubundnum vöktum alla daga ársins getur valið að fá frí á óskertum föstum launum í 88 vinnuskyldustundir á ári miðað við fullt starf og skal þá launa vinnu sem fellur á sérstaka frídaga og stórhátíðardaga með álagi. Falli sérstakur frídagur, sbr. grein 2.1.4.2. í kjarasamningi, á virkan dag sem ekki er merktur vinnudagur í orlofi vaktavinnufólks sem fær „bættu daga“ greidda, skal starfsmaðurinn fá daginn bættan með 8 klukkustundum í yfirvinnu, eða sem hlutfall sé hann í hlutastarfi. Að öðrum kosti á hann rétt á öðrum frídegi í stað greiðslu.

Hjá starfsmönnum sem fá 88 vinnuskyldustunda aukafrí á ári (helgidagafrí) vegna vinnuskyldu á sérstökum frídögum, hvort sem slíkt frí er tekið í beinu framhaldi af orlofi eða á vetrartíma, lengist hvorki orlofið né aukafríð þótt sérstakur frídagur sé innan leyfistímans.

Ef uppgjör helgidaga er hins vegar skv. gr. 2.6.8. (yfirvinnugreiðsla), lengist orlof um 8 klst. ef sérstakur frídagur er á leyfistímanum. Ef ekki er vinnuskylda á sérstökum frídegi sem ber upp á mánudegi til föstudags hjá starfsmanni sem fær helgidagauppgjör skv. gr. 2.6.8. skal bæta þann dag með 8 klst. í yfirvinnu miðað við fullt starf. Með samkomulagi má í stað greiðslu lengja orlofið sem þessu nemur.

Orlofsuppbætur

Orlofsuppbót kemur til útborgunar 1. júní.

Tryggingar í orlofi

Starfsmaður á kjörum opinberra starfsmanna er tryggður allan sólarhringinn vegna varanlegrar örorku eða dauða sem hlýst af völdum slyss, í samræmi við ákvæði 7. kafla í kjarasamningum.

Frestun og fyrning orlofs

Samkvæmt ákvæðum kjarasamninga opinberra starfsmanna er heimilt með samþykki yfirmanns að fresta töku orlofs til næsta orlofstökuárs. Ljúka þarf töku orlofs fyrra orlofsársins fyrir lok síðara orlofsársins, annars telst það fyrnt.

Frestun orlofs

Starfsmaður sem beðinn er um að vinna í sumarleyfi sínu á að fá það greitt með yfirvinnukaupi, enda frestast ekki sá hluti orlofsins sem unninn er.

ORLOFSRÉTTUR ÞINN

Allir launþegar eiga rétt á orlofi samkvæmt lögum um orlof. Hafi launþegi skipt um vinnu eða hafið nýtt starf á orlofsárinu rýrir það ekki rétt hans til orlofs.

Meginreglur um töku orlofs

Sumarorlofstímabilið er frá 1. maí til 15. sept. hjá starfsmönnum Heilsugæslu og 15. maí til 30. sept. hjá starfsmönnum Fjallabyggðar og Hornbrekku. Yfirmaður ákveður í samráði við starfsmenn hvenær orlof skal veitt. Honum er skylt að verða við óskum starfsmanns verði því við komið.

Orlof sem tekið er utan sumarorlofstímabils hjá ríkisstarfsmönnum skal lengja um 25% en 33% hjá starfsmönnum Fjallabyggðar og Hornbrekku enda sé það gert að beiðni vinnuveitanda.

Vinnuveitandi getur ekki látið orlof falla inn í uppsagnarfrest nema um það sé fullt samkomulag við starfsmann.

Orlof talið í klukkustundum

Fullt orlof fyrir fullt starf allt orlofsárið er 192 klukkustundir. Þegar starfsmaður hefur náð 30 ára lífaldri lengist orlof hans um 24 klst. Þegar starfsmaður hefur náð 38 ára aldri lengist orlof hans um aðrar 24 klst.

Talning orlofsdaga

Starfsmaður sem unnið hefur hluta úr fullu starfi eða hluta úr ári skal fá orlof í samræmi við bæði starfstíma og starfshlutfall. Starfsmaður rétt á a.m.k. 192 klst. á sumarorlofstímanum.

Við talningu orlofsdaga skal aðeins telja virka daga vikunnar. Orlof ávinnst ekki í launalausum leyfi. Orlof í hlutastarfi skal reikna til launa sem hlutfall af fullu orlofi.

Lokun deilda/vinnustaða á orlofstíma

Samkvæmt orlofslögum er heimilt að loka einstökum deildum og/eða stofnunum og veita öllum starfsmönnum vinnustaðarins orlof samtímis. Við slíkar aðstæður getur starfsmaður sem ekki hefur áunnið sér fullt orlof, ekki krafist launa þá daga sem hann vantar upp á að hafa áunnið sér fullt orlof.


Uppgjör orlofs við starfslok

Láti starfsmaður af störfum skal áunnið orlof gert upp og lagt inn á bankareikning. Starfsmaður í fæðingarorlofi ávinnur sér rétt til orlofs.

Orlofslaun og orlofsfé

Orlofslaun skal reikna af allri yfirvinnu og álagsgreiðslum og koma til útborgunar eftir 1. maí og/eða 1. júní ár hvert. Orlofsfé er 10,17%. Fyrir þá sem eru 30-38 ára er orlofsféð 11,59% og við 38 ára aldur fer það í 13,04%.

AÐRIR MÖGULEIKAR



ÍBÚÐIR Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI

Við bjóðum líka íbúðir í Reykjavík og á Akureyri í samvinnu við Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi.

Önnur íbúðin í Reykjavík er með einu svefnherbergi og er við Ásholt, og hin er þriggja herbergja íbúð við Klapparstíg 5.

Íbúðin á Akureyri er með tveimur svefnherbergjum og er við Núpasíðu.

Þeir sem hafa áhuga á íbúðunum hafið samband við skrifstofu FOSS í síma 482-2760. **Ath. skrifstofa FOSS er lokuð í júlí vegna sumarleyfa.**



Við verðum áfram með gjafabréf í flug til sölu, WOW-air gjafabréf.

Gjafabréfið kostar 18.000 en raunvirði þess er 25.000 kr., og gildistími bréfanna er í tvö ár frá útgáfu.

Að bóka flug með gjafabréfi er mjög svipað og að bóka flug með venjulegum hætti. Í þrepi fjögur í bókunarferlinu velurðu flipann sem á stendur „gjafabréf“ og skráir þar sextán stafa númerið á gjafabréfinu.

Ef bókuð er ferð sem kostar minna en 25.000 kr. verður mismunurinn eftir á gjafakortsnúmerinu og hægt að nýta hann síðar innan gildistímans. Ef bókuð er ferð sem kostar meira en 25.000 kr. nýtist gjafabréfið sem greiðsla upp í verð þeirrar ferðar og hægt að greiða afganginn með kreditkorti.

Gjafabréfin fást **ekki** endurgreidd af Starfsmannafélagi Fjallabyggðar eða WOW-air.

Vantar þig aðstoð? Hafðu samband við WOW air í síma 590-3000, Höfðatúni 12, Reykjavík eða farðu á heimasíðuna www.wow.is.

Hver félagsmaður getur keypt 4 gjafabréf.

Gjafabréfin fást hjá Hafðísi á bæjarskrifstofunni.

ORLOF AÐ EIGIN VALI

Ákveðið hefur verið að gefa félagsmönnum kost á að sækja um styrk sem við köllum „*Orlofsdvöl að eigin vali*“. Fjármagnið sem verður til skiptanna í ár er kr. 450.000 og verður hver styrkur að upphæð kr. 15.000.

Styrkjunum er úthlutað með sama hætti og um vikudvöl í sumarhúsi væri að ræða. Styrkur er greiddur út að dvöl eða ferð lokinni. Framvísa þarf löglega númeruðum vsk-reikningi sem gefinn er út á umsækjanda styrksins.

Dæmi um orlofsdvöl að eigin vali geta verið dvöl á hóteli á orlofstíma, orlofsferð innanlands eða erlendis (sólarferð eða annað) eða hvað annað sem félagsmaður kys að gera í sumarfríinu.

Orlof að eigin vali gildir fram til áramóta.

Félagið greiðir niður leigu á **tjaldvögnum og fellihýsum**.



Framvísa þarf kvittun til gjaldkera St. Fjall, Hafdísar, til að fá niðurgreiðsluna sem er **7.000 kr.** fyrir vikuleigu.

ÚTILEGUKORTIÐ

Við greiðum niður útilegukortið til félagsmanna.

Framvísa þarf kvittun til gjaldkera St. Fjall, Hafdísar, til að fá niðurgreiðsluna sem er **5.000 kr.** fyrir hvert kort.

Nánari upplýsingar um kortið og sölustaði á www.utilegukortid.is

VEIÐIKORTIÐ

Við greiðum niður veiðikortið til félagsmanna.

Framvísa þarf kvittun til gjaldkera St. Fjall, Hafdísar, til að fá niðurgreiðsluna sem er **2.000 kr.** fyrir hvert kort.

Nánari upplýsingar um kortið og sölustaði á www.veidikortid.is

Ef félagsmenn eru með aðrar óskir eru þeir hvattir til að hafa samband við formann félagsins og hann reynir að uppfylla þær.

Nýtt - HÓTELGISTING

Við höfum náð samningum við hótél um afsláttarverð fyrir félagsmenn. Starfsmannafélagið greiðir auk þess niður gistinguna fyrir félagsmenn á þessum hótélum, sjá neðar á síðunni.

Í Reykjavík eru það:

- **Best Western Hótel Reykjavík, Rauðarárstíg**

- tímabilið 1. maí - 30. sept.: 17.900 kr. nóttin,
- tímabilið 1. okt. - 31. des. 10.900 kr. nóttin,

- **Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38 og**

- **Hótel Centrum, Aðalstræti 16**

- tímabilið 1. maí - 30. sept.: 19.800 kr. nóttin,
- tímabilið 1. okt. - 31. des.: 14.500 kr. nóttin,

- **Hótel Björk, Brautarholti 22-24**

- tímabilið 1. júní - 1. sept.: 25.760 kr. nóttin,
- tímabilið 1. sept. - 31. maí: 13.510 kr. nóttin,

Sama verð hvort einn eða tveir eru í herbergi. Innifalið skattar, morgunverður, og nettenging.

- Á Akureyri bjóðum við uppá:

- **Hótel KEA, Hafnarstræti 87-89:**

- tímabilið 1. júní - 1. sept.: 25.125 kr. nóttin,
- tímabilið 1. sept. - 31. maí: 15.960 kr. nóttin,

- **Hótel Norðurland, Geislagötu 7**

- tímabilið 1. maí - 30. sept.: 20.100 kr. nóttin,
- tímabilið 1. okt. - 31. des.: 13.510 kr. nóttin,

- **Hótel Gígur, Mývatnssveit (sumarhótel)**

- tímabilið 1. maí - 1. sept.: 25.760 kr. nóttin,

Innifalið tveggja manna herbergi með morgunmat af hlaðborði.

- Félagsmenn sjá sjálfir um að panta gistingu og taka það fram við pöntun að þið komið með staðfestingu frá ykkar stéttarfélagi sem þið fáið hjá Hafdísi eða Guðbirni. Félagsmenn eru hvattir til að heimsækja heimasíður hótélanna og kynna sér skilmála þeirra.

- Félagsmenn koma með reikning að lokinni dvöl, til Hafdísar á bæjarskrifstofunni á Ólafsfirði, og fá niðurgreiðslu, kr: 4.000 pr. nótt.

Félagið er með miða í Hvalfjarðargöngin til sölu hjá Hafdísi á kr: 600.